

ársáætlun



UMHVERFISSTOFNUN

Akureyri - Egilsstaðir - Hella - Ísafjörður - Mývatn
Patreksfjörður - Reykjavík - Snæfellsnes - Vestmannaeyjar.

2015.




UMHVERFISSTOFNUN



UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Eftirfarandi ársáætlun fyrir árið 2015 er samþykkt af neðangreindum í samræmi við
árangursstjórnunarsamning milli
umhverfis- og auðlindaráðuneytis og Umhverfisstofnunar


FYRIR HÖND UMHVERFISSTOFNUNAR


FYRIR HÖND UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEYTIS

Bætt þjónusta

Ársáætlun 2015 byggir á stefnumótun Umhverfisstofnunar 2013-2017 sem mótar umgjörð um okkar vinnu. Jafnframt er horft til stefnu stjórnvalda í málaflokknum. Ársáætlun er skipt upp eftir markmiðum stofnunarinnar sem eru átta talsins og undir hverju og einu markmiði er að finna yfirlit yfir föst verkefni, fjölda þeirra, málshraðaviðmið og undir hvaða teymi þau heyra. Jafnframt er yfirlit yfir áhersluverkefni og gagnaskil á árinu auk rekstraráætlun stofnunarinnar. Í ársáætlun eru sett fram á hvern hátt við munum vinna að þeim meginmarkmiðum sem við höfum sett okkur og getum í lok ársins mælt þann árangur. Ársáætlun er þannig leiðarljós stofnunarinnar yfir árið. Grundvöllur fyrir árangur í stefnumótun Umhverfisstofnunar er skýr forgangsröðun og gott skipulag.

Mikil áhersla verður lögð á þessu ári á bætta þjónustu fyrir okkar viðskiptavini. Teknar verða upp mínar síður og rafræn þjónusta bætt. Þar náum við tvöföldum árangri, drögum úr pappírnotkun og bætum þjónustu við okkar viðskiptavini. Jafnframt verður áframhaldandi vinna við að bæta upplýsingagjöf til almennings. Markmiðið er að koma nýtsamlegum, tímanlegum og skiljanlegum upplýsingum á framfæri svo að sem flestir geti nýtt sér þær.

Uppbygging á friðlýstum svæðum er mikilvæg og brýnt að sem fyrst komist niðurstaða í hvernig sú uppbygging verði fjármögnuð. Það tekur tíma að hanna, skipuleggja og fá leyfi fyrir framkvæmdum og mikilvægt að það sé vel gert. Jafnframt er sá tími sem gefst til framkvæmda yfirleitt stuttur hér á landi vegna stuttra sumra. Við þurfum að geta áætlað lengra fram í tíman nauðsynlegar vendaradgerðir á friðlýstum svæðum og forgangsröðun þeirra þarf að byggja á sjónarmiðum náttúruverndar. Við berum ábyrgð á því að þau svæði sem sérstaklega hafa verið sett í umsjón ríkisvaldsins með friðlýsingum beri aukið álag.

Áfram leggjum við áherslu á að vinna í teyimum með hugmyndafræði verkefnastjórnunar að leiðarljósi. Áhersla er á bætt skipulag og samræming vinnubragða milli sviða og teyma til að tryggja að sviðin og teymin vinni í takt. Áfram verður lögð áhersla á gott yfirlit um árangur og mikilvægi þess að gera hann sýnilegan innanhús og utanhús.

Samráð og samstarf við hina ýmsu hagsmunaaðila er grundvallaratriði til að ná árangri í umhverfismálum. Boð og bönn eiga við í ákveðnum tilvikum en ekki er síður mikilvægt að nota önnur stjórnæki eins og að gera samninga við atvinnulíf um ákveðin árangur í stað nýrra reglugerða, koma tímanlegum og áreiðanlegum upplýsingum á framfæri til að auðvelda aðilum að taka betri ákvarðanir. Markmiðið er einfalt, það er að ná árangri í umhverfismálum.

Til framtíðar þurfum við að byggja upp kerfi sem styður græna atvinnuuppbyggingu. Snjallt regluverk sem ýtir undir græna nýsköpun og grænar lausnir. Spáð er miklum vexti innan græna geirans til framtíðar og við þurfum að búa okkar fyrirtækjum hvetjandi regluverk sem ýtir undir samkeppnisfærni okkar í þessum ört vaxandi markaði.

Það er því nóg að spennandi verkefnum til að vinna að á árinu sem munu skila okkur nær markmiðum um sjálfbæra þróun.



Upplýsingamál fá aukið vægi

Umhverfisstofnun leggur ríka áherslu á að störf hennar séu gagnsæ og stjórnsýslan opin. Upplýsingamálin hafa fengið mikið vægi í opinberri stjórnsýslu á 21. öld og fara stöðugt vaxandi bæði í fyrirtækjum og stofnunum í hinum vestræna heimi. Enda er það ein af forsendum þess að lýðræðið virki að fólk geti tekið upplýstar ákvarðanir og geti treyst því að ekki sé stjórnað á bak við það.

Umhverfisstofnun starfar í þágu umhverfisins og almennings og upplýsingagjöfin tekur að mið af því. Það er bæði skylda okkar að tryggja að sannar og réttar upplýsingar séu eins fljótt sem kostur er aðgengilegar fjölmiðlum og almenningi.

Það er gleðiefni hversu mikil vitundarvakning hefur orðið hjá þjóðinni um umhverfismál og umhverfisvernd á síðustu árum. Á sama tíma hafa fjölmiðlar aukið umfjöllun um málaflokkinn og helst hvoru tveggja í hendur. Við aukinn áhuga er mikilsvert að aðgengi að sérfræðingum sé greitt og þeir sömuleiðis hafi tækifæri til að koma upplýsingum á framfæri með þeim hætti að þeir nái til fjöldans. Þrátt fyrir aukinn áhuga á umhverfismálum er mikið verkefni framundan og enn skortir á skilninginn um að umhverfið eigi að njóta vafans. Það er því okkar hlutverk að tryggja að með réttum upplýsingum fljóti þar enginn sofandi að feigðarósi.

UPPLÝSINGASTEFNA UMHVERFISSTOFNUNAR

Við viljum vera leiðandi í opinberri umræðu um umhverfismál. Í því felst að koma á framfæri upplýsingum um stöðu mála og taka fagnandi allri umræðu um okkar verkefni. Við forðumst aldrei opinbera umræðu og veitum alltaf bestu upplýsingar. Við höfum

það að leiðarljósi að miðla meira heldur en minna og leggjum okkur fram um að finna upplýsingar fyrir þá sem óska eftir þeim (meðal svartími almennra fyrirspurna er innan við tveir dagar).

Upplýsingar skipta máli og eru mikilvægar þegar teknar eru ákvarðanir um umhverfismál. Við viljum áfram vera leiðandi í Evrópu í upplýsingamiðlun um mengandi starfsemi og viljum ná sama árangri í öllum okkar málaflokkum. Það skiptir máli að upplýsingar séu á mannamáli og aðgengilegar í gegnum vef.

Við veitum fjölmiðlum forgangspjónustu og geta þeir náð sambandi við okkur hvenær sem er. Sé það mögulegt svörum við þeim alltaf samdægurs. Upplýsingum um neikvæða stöðu mála, s.s. mengun eða skemmdir á náttúru, er komið á framfæri við fyrsta tækifæri (innbyggt í gæðakerfinu okkar).

Ábyrg og örugg varsla gagna er mikilvæg sem og að upplýsingar séu byggðar á traustum og áreiðanlegum gögnum. Fagmennska er eitt af fjórum gildum stofnunarinnar.

Við nýtum þau tæki og tól sem gera okkur kleift að miðla upplýsingum með einföldum og skýrum hætti, s.s. samfélagsmiðla. Aðgengi allra hópa samfélagsins að upplýsingum er mikilvægt og því fylgjum við eftir þeim kröfum sem gerðar eru og göngum lengra ef við getum.

Við trúum á samráð og samvinnu. Ábendingar almennings eru gögn sem nýtast við ákvarðanir. Opnir fundir eru haldnir í aðdraganda stærri ákvarðana og vegna þeirra mála sem sérstakur áhugi er á. Fólki gefst færi á að fylgjast með og koma á framfæri athugasemdum. Við fundum reglulega með þeim sem við þjónustum.



Ný þjónustustefna

Á árinu 2013 var stefna stofnunarinnar til næstu fimm ára mótuð og stefna síðastliðinna ára gerð upp. Aukin og betri þjónusta við viðskiptavini var eitt af þeim lykilatriðum sem mótuðu stefnuna 2013-2017.

Á síðasta ári var ákveðið að draga fram hvað hefur gengið vel í þjónustu Umhverfisstofnunar og hvað gæti betur farið. Starfsmenn voru virkjaðir til leiks með það að markmiði að vinna með hugmyndir að bættum ferlum. Fjölmargar gagnlegar

hugmyndir litu dagsins ljós og vann sérstakur starfshópur áfram með þær.

Í kjölfarið hafa markmið til ársins 2017 verið unnin þar sem kemur fram hvað við munum gera og hvenær til að ná settum markmiðum. Þjónusta er því ein af aðaláherslum ársins 2015 hjá Umhverfisstofnun. Gæði þjónustu er leiðarljós okkar á næsta ári með gagnsæi, einföldun verkferla og aukinni öruggri rafrænni þjónustu.

GÆÐA- OG ÞJÓNUSTUSTEFNA UMHVERFISSTOFNUNAR

Starfsfólk Umhverfisstofnunar leggur sig fram við að veita úrvals þjónustu og beita heildstæðri nálgun í öllu sínu starfi.

Rík áhersla er lögð á að afla bestu þekkingar og gagna, vanda ákvarðanatöku og mæta væntingum og þörfum viðskiptavina. Unnið er eftir skýrum og skilvirkum ferlum og málum vísað í réttan farveg. Við vinnum með öðrum stjórnvöldum að úrlausn mála.

Umhverfisstofnun byggir starfsemi sína á faglegum styrk og áreiðanlegum upplýsingum. Tekið er á málafnum sem berast af viðtækri þekkingu, virðingu og framsýni.

Áhersla er lögð á gagnsæi og góða upplýsingagjöf til almennings um öll okkar störf.

Umhverfisstofnun vinnur að stöðugum umbótum á starfsemi sinni til að vera leiðandi í gæðamálum og tryggja gæði þjónustunnar.

Umhverfisstofnun vinnur samkvæmt gæða- og umhverfisstjórnarkerfi sem uppfyllir kröfur ISO 9001 og ISO 14 001.

Framtíðarsýn Umhverfisstofnunar

Við gegnum leiðandi hlutverki í sjálfbærri þróun í samfélaginu í þágu allra landsmanna og náttúrunnar.


VIÐ NÁUM ÞESSU FRAM MEÐ ÞVÍ AÐ

- » Afla, meta og miðla bestu upplýsingum og þekkingu um ástand umhverfisins.
- » Beita stýrandi og hvetjandi aðgerðum til árangurs
- » Efla samráð og veita góða þjónustu

- » Búa yfir nauðsynlegu skipulagi, þekkingu, stjórn tækjum og verkfærum
- » Vera til fyrirmyndar í umhverfismálum

Markmiðin sem sett eru fram myndrænt eru sex umhverfismarkmið sem endurspeglar megináskoranir okkar í umhverfismálum. Undirstaða þeirra eru tvær stöðir sem snúa að samvinnu, verklagi og aðbúnaði til þess að ná árangri.

Leiðandi stofnun



Fagmennska

Við öflum bestu þekkingar og gagna og tökum ákvarðanir byggðar á þeim. Við leggjum áherslu á gegnsæi og rétt almennings til upplýsinga um öll okkar störf.

Samvinna


Við nýtum styrkleika hvers annars og vinnum saman að úrlausn ólíkra verkefna. Við leitum samstarfs við almenning og hagsmunaaðila.

Framsýni

Við horfum til framtíðar og fylgjumst grannt með þróun umhverfismála. Við erum leiðandi afl í samfélaginu með sjálfbæra þróun að markmiði í öllu okkar starfi.

Virðing

Við berum umhyggju fyrir umhverfinu, erum stolt af þeirri ábyrgð sem samfélagið felur okkur og komum fram af heidarleika og sanngirni.





Verkefnin tala sínu máli

Verkefni ársins 2015 eru birt undir viðeigandi markmiðum. Þau sýna þá aðgerðaráætlun sem fara skal eftir til þess að ná þeim markmiðum sem stofnunin hefur sett sér að vinna að til ársins 2017. Við gerð ársáætlunar er kappkostað að setja saman áætlun sem gerir okkur kleift að vinna skipulega til þess að ná betri árangri. Tengsl eru á milli áhersluverkefna og afgreiðsluverkefna og undir liðinn áhersluverkefni eru eingöngu sett þau verkefni sem stofnunin telur nauðsynlegt að fara í til þess að tryggja að hún uppfylli hlutverk sitt og sinni lögbundnum afgreiðsluverkefnum. Í yfirliti yfir fjölda afgreiðsluverkefna eru settar fram rauntölur ásamt mati á því hver fjöldi þeirra verði á næsta ári. Rétt er að benda á að vinna við einstök verkefni innan flokkanna getur verið mjög mismunandi og að hér eru eingöngu

tiltekin helstu afgreiðsluverkefni stofnunarinnar. Þau árlegu gagnaskil sem stofnunin ber ábyrgð á er hægt að finna undir viðeigandi markmiði.

Í yfirliti yfir afgreiðsluverkefni eru sett fram málshraðaviðmið þar sem það á við. Málshraði er gefinn upp í dögum og eru frídagar innifaldir í heildartölu nema málshraði sé skemmri en fimm dagar.

Hreint loft & takmörkun gróðurhúsaáhrifa

Við viljum hreint loft hvar sem er á landinu. Loftgæði verða að standast kröfur á landsvísu og alþjóðamælikvarða. Íslendingar eiga að uppfylla alþjóðlegar skyldur sínar í loftslagsmálum. Upplýsingar um loftgæði og loftslagsmál verða aðgengilegar öllum.

Áhersluverkefni

	TEYMI
Eftirlit með reykheinsivirkjum	Eftirlitsteymi
Kaup og uppsetning á loftgæðastjórnunarkerfi	Loftmengunarteymi
Uppfæra efni um loftmengun og loftslagsmál á heimasíðu	Loftmengunarteymi
Tímalína fyrir gagnaskil og skýrslu í loftmengunarteymi	Loftmengunarteymi
Miðlægur gagnagrunnur fyrir viðhald og eftirlit með loftgæðamælistöðvum	Loftmengunarteymi
Verkferlar fyrir viðskipti með gróðurhúsalofttegundir	Loftmengunarteymi

Afgreiðsluverkefni

	ÁÆTLUN 2012	RAUNT. 2012	ÁÆTLUN 2013	RAUNT. 2013	ÁÆTLUN 2014	RAUNT. 2014	ÁÆTLUN 2015	TEYMI	MÁLS- HRAÐI
Yfirferð skýrslna vegna losunar gróðurhúsalofttegunda frá staðbundnum starfsstöðvum í iðnaði	5	5	5	0	9	9	9	Loftmengunarteymi	60
Afgreiðsla umsókna um losunaryfni vegna staðbundinna starfsstöðva í iðnaði	4	0	3	0	5	5	2	Loftmengunarteymi	-
Yfirferð vöktunaráætla vegna staðbundna starfsstöðva í iðnaði				4	5	4	4	Loftmengunarteymi	
Afgreiðsla umsókna um losunareimildir vegna flugs	10	0	0	0	0	0	2	Loftmengunarteymi	-
Yfirferð vöktunaráætla vegna flugs	20	34	30	41	1	2	0	Loftmengunarteymi	-
Yfirferð losunarskýrslna vegna flugs	100	33	30	31	0	0	8	Loftmengunarteymi	-
Útreikningur og/eða úhlutun losunareimilda	25	7	7	0	5	10	13	Loftmengunarteymi	-
Stofnun reikninga í skráningarkerfi	50	17	20	27	5	4	2	Loftmengunarteymi	-

Gagnaskil

	SKIL TIL	SKILAFRESTUR	TEYMI
Skýrsla um ósóneyðandi efni	ESA	3. mars	Efnateymi
Skýrsla um innflutning ósóneyðandi efna	UNEP	30. september	Efnateymi
Annexes of the Implementing Regulation (EU) No. 749/2014	ESB	15. janúar	Loftmengunarteymi
Skýrsla um losun gróðurhúsalofttegunda (NIR)	UNFCCC	15. janúar	Loftmengunarteymi
Töluleg gögn um losun gróðurhúsalofttegunda (NIR)	UNFCCC	15. janúar	Loftmengunarteymi
Skýrsla um losun loftmengunarefna (LRTAP)	UNECE	15. febrúar	Loftmengunarteymi
Töluleg gögn um losun loftmengunarefna (LRTAP)	UNECE	15. febrúar	Loftmengunarteymi
Spá um losun gróðurhúsalofttegunda	UNFCCC	15. mars	Loftmengunarteymi
Töluleg gögn (2013–2014) um stöðu reikninga í skráningakerfinu (SEF)	UNFCCC	15. apríl	Loftmengunarteymi
ETS. Skýrsla um framkvæmd viðskiptakerfis (Art.21, EIONET)	ESA	30. júní	Loftmengunarteymi
Skýrsla um stöðu skráningakerfis (SIAR report)	UNFCCC	30. júní	Loftmengunarteymi
Skil á heimildum vegna Kyoto uppgjörs CP1	UNFCCC	10. ágúst	Loftmengunarteymi
Árleg samantekt um óson	ESA	30. september	Loftmengunarteymi
Skýrslur um loftgæði og loftgæðamælingar	ESA	30. september	Loftmengunarteymi
Skýrsla um áætlanir og aðgerðir í loftgæðamálum	ESA/EEA	31. desember	Loftmengunarteymi
Attainment on Measures (Eionet)	ESA/EEA	31. desember	Loftmengunarteymi
ETS. Losunarskýrslur flugrekenda	ESA	31. desember	Loftmengunarteymi
ETS. Upplýsingar um eftirlitsáætlanir um losun flugrekenda	EUROCONTROL	31. desember	Loftmengunarteymi
Gögn um svæðisskiptingu og staðsetningu loftmælistöðva (Eionet)	ESA/EEA	31. desember	Loftmengunarteymi
Information on Source Apportionment (Eionet)	ESA/EEA	31. desember	Loftmengunarteymi
Preliminary Information on Assessment Regimes (Eionet)	ESA/EEA	31. desember	Loftmengunarteymi
Tölur um styrk óson að sumarlagi	EEA	Rauntímagögn	Loftmengunarteymi

Verndun náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni

Við verndum lífríki og jarðminjar fyrir komandi kynslóðir. Við viljum koma á neti verndarsvæða og vinna að gerð verndaráætlana fyrir friðlýst svæði á landinu. Eftirlit og umsjón með friðlýstum svæðum verður eftt. Hefta þarf útbreiðslu framandi ágengra tegunda.

Áhersluverkefni

	TEYMI
Útbúa viðhaldsáætlun innviða á friðlýstum svæðum	Náttúrusvæðateymi
Skýrsla um upprætingu lúpínu á friðlýstum svæðum	Náttúrusvæðateymi
Öryggisáætlun og áhættumat fyrir öll mönnuð friðlýst svæði	Náttúrusvæðateymi
Þarfagreining á upplýsingum til bættrar ákvarðanatöku á friðlýstum svæðum	Náttúrusvæðateymi
Virkt eftirlit á ástandi friðlýstra svæða í umsjón Umhverfisstofnunar	Náttúrusvæðateymi
Leiðbeiningar um hreinsun fatnaðar og búnaðar fyrir Surtseyjarfara	Náttúrusvæðateymi
Efnisval fyrir framkvæmdir á friðlýstum svæðum	Rekstrarteymi
Söfnun og frágangur upplýsinga um ráðgjafanefndir/umsjónanefndir á friðlýstum svæðum	Rekstrarteymi
Mat á tjóni af völdum refa	Veði- og verndarteymi
Endurskoðun reglugerðar um framkvæmd veiða á ref og mink	Veði- og verndarteymi

Afgreiðsluverkefni

	ÁÆTLUN 2012	RAUNT. 2012	ÁÆTLUN 2013	RAUNT. 2013	ÁÆTLUN 2014	RAUNT. 2014	ÁÆTLUN 2015	TEYMI	MÁLS- HRAÐI
Friðlýsingar	5	3	5	4	1	3	2	Friðlýsingateymi	-
Ársfundur náttúruverndarnefnda	0	1	1	1	1	1	1	Friðlýsingateymi	-
Skýrsla um friðlýsingar	1	1	1	1	1	1	1	Friðlýsingateymi	-
Verndar- og stjórnunaráætlanir	0	0	0	0	8	5	7	Friðlýsingateymi	-
Landvarðanámsskið (hvert námskeið 110 klst.)	1	1	1	1	1	1	1	Náttúrusvæðateymi	-
Fjöldi sjálfbóðaliðavikna	480	444	400	493	400	412	400	Náttúrusvæðateymi	-
Viðbrögð við brotum vegna aksturs utan vega	6	19	20	9	10		20	Náttúrusvæðateymi	-
Ástandsskýrsla friðlýstra svæða	1	1	1	1	1	1	1	Náttúrusvæðateymi	-
Fræðslu- og upplýsingaskilti á friðlýstum svæðum	15	18	20	8	12	9		Náttúrusvæðateymi	-
Útgefnið bæklingar	4	4	4	0	0	1	1	Náttúrusvæðateymi	-
Fjöldi landvörsluvikna	199	199	163	220	139	203	149	Náttúrusvæðateymi	-
Ástandsskýrsla - rauði listinn	0	0	1	1	1	1	1	Náttúrusvæðateymi	-
Fjöldi eftirlitsferða vegna leyfa á friðlýstum svæðum						26	36	Náttúrusvæðateymi	-
Fjöldi afgreiðslu leyfisumsókna á friðlýstum svæðum						53	60	Náttúrusvæðateymi	-
Skráning refa- og minkareikninga frá sveitarfélögum (fjöldi hreppa)	0	73	72	68	70	48	60	Veði- og verndarteymi	-

Gagnaskil

	SKIL TIL	SKILAFRESTUR	TEYMI
Skrá yfir verndarsvæði (CDDA-1)	EEA	31. mars	Friðlýsingateymi

Verndun hafs & vatns

Við viljum að allt vatn á Íslandi uppfylli gæðamarkmið um hreinleika og lífvænleika. Hafið umhverfis landið þarf að vera hreint. Þá viljum við að Ísland sé leiðandi á alþjóðavísu í vörnum gegn mengun sjávar enda virðir mengun ekki landamæri.

Áhersluverkefni

TEYMI

Mat á mengunarhættu af siglingum skemmtiferðaskipa við eða í nágrenni Hornströndum	Haf- og vatnsteymi
Verkerill vegna viðbragða við myndum frá Clean Sea Net	Haf- og vatnsteymi
Verkerill vegna leyfisveitinga vegna varps í hafði	Haf- og vatnsteymi
Verkerill vegna endurgreiðslu kostnaðar í tengslum við bráðamengunartilfelli.	Haf- og vatnsteymi

Afgreiðsluverkefni

	ÁÆTLUN 2012	RAUNT. 2012	ÁÆTLUN 2013	RAUNT. 2013	ÁÆTLUN 2014	RAUNT. 2014	ÁÆTLUN 2015	TEYMI	MÁLS- HRAÐI
Leyfi fyrir varpi í hafði	4	4	2	17	3	8	5	Haf- og vatnsteymi	30
Samþykki fyrir lagningu sæstrengja	1	1	1	0	0	1	0	Haf- og vatnsteymi	-
Staðfesting á áætlunum hafna um móttöku úrgangs	0	50	15	17	3	2	10	Haf- og vatnsteymi	-
Staðfesting á skilgreiningum sveitarstjórna á viðtaka vegna fráveitna	0	0	2	0	1		1	Haf- og vatnsteymi	-

Gagnaskil

	SKIL TIL	SKILAFRESTUR	
Innflutningur svartolíu	IMO	20. apríl	Haf- og vatnsteymi
Flokkun vatna í vatnshlot	ESA	1. maí	Haf- og vatnsteymi
Greining á álagi á vatn og áhættumat	ESA	1. maí	Haf- og vatnsteymi
Efnahagsleg greining	ESA	1. maí	Haf- og vatnsteymi
Verndarsvæði tengd vatni	ESA	1. maí	Haf- og vatnsteymi
Vatnshlot til neysluvatnstöku >10m ³ />50 manns	ESA	1. maí	Haf- og vatnsteymi
Monitoring Programme (CEMP)	OSPAR	31. júlí	Haf- og vatnsteymi
Gögn um mælingar í sjó (ME-1)	EEA	31. október	Haf- og vatnsteymi
Gögn um mælingar í ám (EWN-1)	EEA	31. október	Haf- og vatnsteymi
Gögn um mælingar í stöðuvötnum (EWN-2)	EEA	31. október	Haf- og vatnsteymi
Gögn um mælingar í grunnvatni (EWN-3)	EEA	31. október	Haf- og vatnsteymi
Gögn um losun efna í vatn	EEA	31. október	Haf- og vatnsteymi
Framburður efnamengunar með ám (RID)	OSPAR	1. nóvember	Haf- og vatnsteymi
Skýrsla um óhöpp, losun og frárennsli frá olíustöðvum á sjó	OSPAR	1. nóvember	Haf- og vatnsteymi
Skýrsla um varp á úrgangi í hafði	OSPAR	15. nóvember	Haf- og vatnsteymi
Eftirlitsflug og mengunaróhöpp	CPH	Eftir þörfum	Haf- og vatnsteymi
Skýrsla um framkvæmd skólpílskipunar	ESA	Eftir þörfum	Haf- og vatnsteymi

Heilnæmt umhverfi

Við viljum skapa heilnæmt umhverfi fyrir alla og lágmarka áhrif skaðlegra efna á lífríki og heilsu manna. Tryggja að á markaði séu ekki efni eða vörur sem innihalda skaðleg efni. Við stuðlum að því að framleiðendur séu meðvitaðir um skyldur sínar og almenningur upplýstur um rétt sinn. Við vinnum að bættri hollustuvernd með samræmingu og í samstarfi við heilbrigðisnefndir.

Áhersluverkefni

	TEYMI
Gerð landsáætlunar um notkun varnarefna	Efnateymi
Könnun á þekkingu almennings á hættumerkjum	Efnateymi
Gera eftirlitsáætlun á efnavörum og hlutum sem innihalda efni	Efnateymi
CPL Kynning fyrir atvinnulífð á nýjum kröfum um flokkun og merkingu efnablandna	Efnateymi
Eftirlitsverkefni með sæfivörum í gæludraverslunum	Efnateymi
Eftirlitsverkefni með bíla- og viðhaldsvörum	Efnateymi
Eftirlitsverkefni með snyrti- og efnavörum sem tengjast öskudegi og hrekkjavöku	Efnateymi
Hollustuhættir - undanþágur frá reglugerð, tillögur að almennri afmörkun	Neytendateymi

Afgreiðsluverkefni

	ÁÆTLUN 2012	RAUNT. 2012	ÁÆTLUN 2013	RAUNT. 2013	ÁÆTLUN 2014	RAUNT. 2014	ÁÆTLUN 2015	TEYMI	MÁLS- HRAÐI
Starfsréttindaleyfi meindýraeyða og garðaúðara	46	38	45	12	0			Efnateymi	20
Notendaleyfi				0	120	82	42	Efnateymi	
Umsagnir um undanþágu frá skráningu varnarefnis	20	5	5	22	0			Efnateymi	7
Umsagnir um skráningu varnarefnis	10	28	30	19	0			Efnateymi	60
Umsagnir um sölualeyfi eitur- og varnarefna	13	7	0	5	0			Efnateymi	
Veiting tímabundinnar skráningar fyrir plöntuvarnarefni	0	0	35	47	25	75	0	Efnateymi	
Veiting markaðsleyfa fyrir plöntuvarnarefni	0	0	3	0	0	0	0	Efnateymi	
Gagnkvæm viðurkenning á markaðsleyfi skv. nýrri reglugerð			0	0	8	0	3	Efnateymi	
Umsagnir til að kaupa og nota varnarefni (XA-leyfi)	20	31	45	12	0			Efnateymi	
Útgáfa á markaðsleyfum fyrir sæfiefni	10	6	6	0	4	2	3	Efnateymi	90

Gagnaskil


	SKIL TIL	SKILAFRESTUR	TEYMI
Skýrsla um þrávirk lífræn efni	ESA	20. maí	Efnateymi
Skýrsla um gæði fljótandi jarðefnaeldsneytis	ESA	30. júní	Efnateymi
Skýrsla um magn brennisteins í fljótandi eldsneyti	ESA	30. júní	Efnateymi



Sjálfbær nýting auðlinda

Við viljum stuðla að sjálfbærri og skilvirkri nýtingu auðlinda, s.s. hráefna, jarðefna, villtra dýrastofna, orku og ferðamannastaða. Við munum halda auðlindabókhald. Draga þarf úr myndun úrgangs og efla úrgangsstjórnun með aukinni flokkun, endurvinnslu og endurnýtingu enda er úrgangur verðmætt hráefni. Við viljum draga úr neikvæðum áhrifum úrgangs á umhverfi og heilsu manna.

Afgreiðsluverkefni	ÁÆTLUN 2012	RAUNT. 2012	ÁÆTLUN 2013	RAUNT. 2013	ÁÆTLUN 2014	RAUNT. 2014	ÁÆTLUN 2015	TEYMI	MÁLS- HRAÐI
Eftirlit með erfðabreyttum lífverum	6	8	8	9	7	5	8	Eftirlitsteymi	-
Leyfi til urðunar á sóttmenguðum dýraúrgangi	15	9	10	18	2	16	16	Neytendateymi	3
Útgefn Svansleyfi	4	7	7	3	3	3	3	Neytendateymi	30
Endurvottun Svansleyfi					9	0	19	Neytendateymi	15
Tilkynningar vegna flutnings úrgangs á milli landa		20	18	18	18	25	25	Neytendateymi	15
Leyfi til að mynda á friðlýstum svæðum	15	20	20	33	35	19	25	Umsagna- og leyfisteymi	-
Leyfisveitingar til framkvæmda á friðlýstum svæðum	45	68	70	29	40	27	30	Umsagna- og leyfisteymi	90
Eftirlit með framkvæmdum á friðlýstum svæðum	45	35	45		30			Umsagna- og leyfisteymi	-
Leyfisveitingar vegna erfðabreyttra lífvera	2	5	6	2	3	2	4	Umsagna- og leyfisteymi	-
Fjöldi skotvopnanámskeiða (fjöldi þátttakenda)	28 (700)	22 (650)	24 (650)	23 (701)	24 (650)	24 (614)	24 (650)	Veiði- og verndarteymi	-
Fjöldi veiðinámskeiða (fjöldi þátttakenda)	28 (700)	22 (650)	24 (650)	23 (666)	24 (650)	24 (683)	24 (650)	Veiði- og verndarteymi	-
Námskeið fyrir leiðsögumenn með hreindýraveiðum	2	0	1	0	1	0	1	Veiði- og verndarteymi	-
Skil á veiðiskýrslum veiðikorthafa undangengis árs	0	89%	95%	92%	95%	92%	92%	Veiði- og verndarteymi	-
Móttaka og skráning á veiðiskýrslna	13000	11065	12000	11715	12000	12270	12000	Veiði- og verndarteymi	40
Umsóknir um hreindýraveiðileyfi	4000	4327	4000	3610	4000	3602	4000	Veiði- og verndarteymi	3
Leyfi fyrir leiðsögumenn með hreindýraveiðum	100	90	30	5	5	1	5	Veiði- og verndarteymi	5 - 7
Útgefn veiðikort	12000	11896	12000	12065	12000	11985	12000	Veiði- og verndarteymi	15
Útgefn leyfi vegna hreindýraveiði	1009	997	1229	1195	1277	1237	1412	Veiði- og verndarteymi	-
Leyfi til myndatöku við hreiður fugla	21	12	15	19	20	20	20	Veiði- og verndarteymi	15
Eftirlit með hreindýraveiðum - fjöldi daga	26	36	40	18	20	20	20	Veiði- og verndarteymi	14
CITES leyfisveitingar	30	26	26	31	30	39	30	Veiði- og verndarteymi	-
Umsagnir um undanþágur frá villidýralögum	2	1	1	0	2	3	2	Veiði- og verndarteymi	
Umsagnir um undanþágur á innflutningi á framandi lífverum	5	4	3	1	3	2	3	Veiði- og verndarteymi	
Umsagnir um undanþágur varðandi skotvopn		16		14	12	32	32	Veiði- og verndarteymi	



Áhersluverkefni

TEYMI

Gera umsjónarsamninga við lögaðila um friðlýst svæði utan miðhálandis	Náttúrusvæðateymi
Grafísk birting úrgangsgagna	Neytendateymi
Auka þekkingu á plastmerkingum innlendra vara	Neytendateymi
Leiðbeiningar til almennings um jarðgerð	Neytendateymi
Samstarfsfundir með hagsmunaaðilum um skotveiðar	Veiði- og verndarteymi
Mat á tjóni af völdum álfta og gæsa sumarið 2014	Veiði- og verndarteymi
Endurskoðun hreindýrareglugerða	Veiði- og verndarteymi
Samantekt á gagnaskilum leiðsögumanna 2011 - 2014	Veiði- og verndarteymi
Endurskoða úthlutun og endurúthlutun hreindýraveiðileyfa	Veiði- og verndarteymi
Könnun meðal veiðimanna á rafrænni veiðidagbók og rafrænu veiðikorti	Veiði- og verndarteymi
Eftirlit með hreindýraveiðum - Vinnulýsing	Veiði- og verndarteymi

Gagnaskil

	SKIL TIL	SKILAFRESTUR	TEYMI
Vatnsauðlindin og vatnsnotkun (EWN-4)	EEA / EUROSTAT	31. október	Haf- og vatnsteymi
Árleg viðbótarskýrsla um flutning á úrgangi	ESA	31. desember	Neytendateymi
Árleg skýrsla til Basel samningsins	SBC	31. desember	Neytendateymi
Raffhlöður og rafgeymar - tölfraði og staða markmiða fyrir söfnun og endurvinnslu árið 2014	Hagstofu	30. júní	Neytendateymi
Úr sér gengin ökutæki - tölfraði og staða markmiða árið 2013	Hagstofu	30. júní	Neytendateymi
Umbúðaurgangur - tölfraði árið 2013	Hagstofu	30. júní	Neytendateymi
WEEE - tölfraði og staða markmiða árið 2013	Hagstofu	30. júní	Neytendateymi
Tölfraði fyrir árið 2013 til birtingar í Landshögum	Hagstofu	1. apríl	Neytendateymi
Heimilisúrgangur - tölfraði og staða markmiða fyrir árið 2014	Hagstofu	30. nóvember	Neytendateymi
Byggingar- og niðurrífsúrgangur - tölfraði og staða markmiða fyrir árið 2014	Hagstofu	30. nóvember	Neytendateymi
Sustainable Development Indicator on Municipal Waste fyrir árið 2014	Hagstofu	30. nóvember	Neytendateymi
Úr sér gengin ökutæki - skýrsla um innleiðingu tilskipunar 2000/53/EC	ESA	21. janúar	Neytendateymi
Brennsla úrgangs - skýrsla um innleiðingu tilskipunar 2000/76/EC	ESA	30. september	Neytendateymi
Títaniumdíoxíðiðnaður - skýrsla um innleiðingu tilskipunar 78/176/EEC (ekki til sp. listi)	ESA	30. september	Neytendateymi
Rammatilskipun um úrgang - skýrsla um innleiðingu tilskipunar 2008/98/EC	ESA	30. september	Neytendateymi
Úrgangur frá námuiðnaði - skýrsla um innleiðingu tilskipunar 2006/21/EC	ESA	1. febrúar	Neytendateymi
Urðun úrgangs - skýrsla um innleiðingu tilskipunar 1999/31/EC	ESA	30. september	Neytendateymi
Umbúðir - skýrsla um innleiðingu tilskipunar 94/62/EC	ESA	30. september	Neytendateymi
Seyra - skýrsla um innleiðingu tilskipunar 86/278/EEC	ESA	30. september	Neytendateymi
Olíuúrgangur - skýrsla um innleiðingu tilskipunar 75/439/EEC (Fallin brott)	ESA	30. september	Neytendateymi
Skýrslur um framkvæmd tilskipana um erfðabreyttar lífverur	ESA	Eftir þörfum	Umsagna- og leyfisteymi
Skýrslur til samnings um verslun með lífverur í útrýmingarhættu	CITES	31. nóvember	Veiði- og verndarteymi
Skýrsla með upplýsingum um innleiðingu aðgerða	CITES	Eftir þörfum	Veiði- og verndarteymi

Grænt samfélag

Við viljum taka skref í átt að grænu samfélagi með áherslu á græna nýsköpun. Auka þarf vistvæn innkaup hjá stofnunum og fyrirtækjum og hlut umhverfismerkrar vöru í innkaupum almennings. Við upplýsum almenning og fyrirtæki um leiðir til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum. Við viljum auka vitund almennings um tengsl lýðheilsu og útivistar. Við veitum upplýsingar til almennings um ástand umhverfisins.

Áhersluverkefni

	TEYMI
Þýðing á texta um friðlýst svæði á heimasíðu á ensku	Fríðlýsingateymi
Græn helgi	Náttúrusvæðateymi
Yfirlit yfir erlendar Svansottaðar vörur á markaði	Neytendateymi
Áhrif samnorrænnar gjaldskrár á Svaninn á Íslandi	Neytendateymi
Auka þekkingu á umhverfismerkjum í samfélaginu	Neytendateymi
Gera myndrænar upplýsingar um ástand umhverfisins fyrir vef	Upplýsingateymi
Endurskoða fræðslu- og kennslufni stofnunarinnar með áherslu á grænt samfélag	Upplýsingateymi

Afgreiðsluverkefni

	ÁÆTLUN 2012	RAUNT. 2012	ÁÆTLUN 2013	RAUNT. 2013	ÁÆTLUN 2014	RAUNT. 2014	ÁÆTLUN 2015	TEYMI	MÁLS- HRAÐI
Grænt bókhald frá atvinnurekstri	70	51	50	53	50	52	50	Eftirlitsteymi	
Eftirfylgnismál vegna skila á grænu bókhaldi		8	7	9	8	9	8	Eftirlitsteymi	-
Umsóknir um Svansleyfi	10	4	5	5	5	5	5	Neytendateymi	-
Yfirferð árskýrslna leyfishafa Svansins	17	17	24	20	25	16	6	Neytendateymi	-
Eftirlitsferðir til leyfishafa Svansins	16	16	24	18	23	7	6	Neytendateymi	-
Viðbótareftirlitsferðir Svansins				5	0	0	0	Neytendateymi	-

Gagnaskil

	SKIL TIL	SKILAFRESTUR	TEYMI
Skýrsla um útstremisbókhald (e-PRTR)	ESA	31. mars	Eftirlitsteymi

Samþætting & eftirfylgni

Við viljum tryggja bætta framkvæmd laga og reglna á umhverfissviði með markvissara eftirliti og eftirfylgni. Áhersla verður á samvinnu við hagsmunaaðila og bætta þjónustu. Jákvæðar og hvetjandi aðgerðir notaðar til að fá atvinnulif og sveitarfélög til að sinna sínum skyldum af ábyrgð. Beitum okkur fyrir samþættingu umhverfissjónarmiða í öllum geirum samfélagsins. Höldum á lofti hagsmunum umhverfis og náttúru við opinbera stefnumótun.

Áhersluverkefni

TEYMI

Gerð verkferils um stöðvun markaðssetningar sbr. ákvæði í efnalögum	Efnateymi
Þarfagreining fyrir gagnagrunn fyrir upplýsingar um losun mengandi efna frá iðnaði	Eftirlitsteymi
Útbúa viðmið fyrir áhættumat	Eftirlitsteymi
Áætlun um þjálfun eftirlitsmanna	Eftirlitsteymi
Eyðublöð í þjónustugátt	Gagnateymi
Undirbúningur stjórnsýslu umhverfisáhrifa olíuleitar og vinnslu	Haf og vatnsteymi
Fundir með umsjónaraðilum friðlýstra svæða	Náttúrusvæðateymi
Samningar við rekstraraðila vegna starfsemi á friðlýstum svæðum	Náttúrusvæðateymi
Þarfagreining vegna söfnunar úrgangsgagna	Neytendateymi
Bætt samþætting leyfisveitinga og mats á umhverfisáhrifum	Umsagna- og leyfisteymi
Endurskoðun á verkferli fyrir gerð starfsleyfis	Umsagna- og leyfisteymi
Gerð leiðbeininga um sigvatnsmælingar fyrir urðunarstaði	Umsagna- og leyfisteymi
Samningur við háskólasamfélagið um verkefnagátt fyrir nemendaverkefni og starfsnám	Umsagna- og leyfisteymi
Uppfæra minnisblað um undanþágur frá starfsleyfum og reglugerðum	Umsagna- og leyfisteymi
Gerð gátlista fyrir sveitarfélög til að fylla út vegna skipulagsáætlna	Umsagna- og leyfisteymi
Endurskoðun á verkferli vegna niðurfellingar starfsleyfis	Umsagna- og leyfisteymi
Verkferlar við undirbúning og framkvæmd veiðinámskeiða	Veiði- og verndarteymi
Samningar við kennara á veiðinámskeiðum	Veiði- og verndarteymi

Afgreiðsluverkefni

	ÁÆTLUN 2012	RAUNT. 2012	ÁÆTLUN 2013	RAUNT. 2013	ÁÆTLUN 2014	RAUNT. 2014	ÁÆTLUN 2015	TEYMI	MÁLS- HRÁÐI
Tillögur að reglugerðum	19	18	16	18	15	16	15	Eftirlitsteymi	-
Greiningar á EES - gerðum	65	90	66	142	100	164	120	Eftirlitsteymi	-
Mengunarvarnareftirlit	143	150	160	138	150	131	108	Eftirlitsteymi	-
Eftirfylgnismál stofnuð í kjölfar mengunarvarnaeftirlits	0	43	35	46	40	24	30	Eftirlitsteymi	-
Þingmál frá Alþingi, þingsályktanir og frumvörp	35	39	32	24	30	18	15	Umsagna- og leyfisteymi	-
Umsagnir vegna stjórnsýslukæra	10	5	6	1	3	3	2	Umsagna- og leyfisteymi	14
Mat á umhverfisáhrifum	37	35	45	55	50	44	50	Umsagna- og leyfisteymi	15-21
Umsagnir um skipulagsáætlanir	110	119	120	203	210	185	215	Umsagna- og leyfisteymi	120
Starfsleyfi - útgefin	20	12	18	6	15	15	12	Umsagna- og leyfisteymi	180
Umsagnir um undanþágur frá starfsleyfum	31	20	15	25	25	14	20	Umsagna- og leyfisteymi	14

Leiðandi stofnun

Við viljum starfa í öflugri stofnun þar sem skipulag, þekking, tæki og tól eru til staðar til að veita landsmönnum góða þjónustu. Við viljum geta sinnt skyldum okkar og verkefnum í átt að sjálfbærri þróun. Við stuðlum að því að vera eftirsóttur vinnustaður sem við erum stolt af og erum fremst á okkar sviði. Við notum gagnsæ og öguð vinnubrögð og leggjum áherslu á að vinna með fólki.


Áhersluverkefni

	TEYMI
Kynningarfundur fyrir atvinnulífð um öryggisblöð	Efnateymi
Uppfæra EES feril um kostnaðarmat í samvinnu við UAR	Eftirlitsteymi
Verkerill vegna friðlýsinga í gæðakerfi	Friðlýsingateymi
Verkerill fyrir friðlýsingarathöfn	Friðlýsingateymi
Verkerill fyrir gerð verndar- og stjórnunaráætlana	Friðlýsingateymi
Innleiðing rafrænna undirskrifa	Gagnateymi
Setja upp þráðlaust net á S24	Gagnateymi
Tilkynna mikilvæga gagnagrunna til ÞÍ	Gagnateymi
Innleiðing og eftirfylgni á GoPro.net	Gagnateymi
Rafræn skil skjalasafns til ÞÍ	Gagnateymi
Verkefna- og kostnaðaráætlun vegna upplýsingatækniáætlunar	Gagnateymi
Áhættugreining tveggja gagnagrunna	Gagnateymi
Áætlun um örnámskeið fyrir starfsmenn á hugbúnað	Gagnateymi
Greiningartól fyrir nýjan hugbúnað/gagnagrunna	Gagnateymi
Undirbúa innleiðingu Sharepoint - setja upp skel	Gagnateymi
Gátlisti vegna viðtala við umsækjendur um sjálfbæðaliðastarf	Náttúrusvæðateymi
Eignaskráning - merking eigna	Rekstrarteymi
Pappírsoptkun - innkaup - prentun - úrgangur	Rekstrarteymi
Útanumhald um samgöngusamninga - (göngu- hjóla og strætó)	Rekstrarteymi
Skipta upp verklagsreglu: Umsagnir og leyfisveitingar	Umsagna- og leyfisteymi
Gerð minnisblaðs um reglur um flugumferð á friðlýstum svæðum og við fuglabjörg	Umsagna- og leyfisteymi
Úttekt á því hvort Umhverfisstofnun uppfylli grunnkröfur til opinberra stofnana	Yfirstjórn
Hæfnismat starfsmanna	Yfirstjórn
Endurmenntunaráætlun	Yfirstjórn
Eftirfylgni með ábendingum frá Ríkisendurskoðun	Yfirstjórn
Grænt bókhald Umhverfisstofnunar	Rekstrarteymi

Afgreiðsluverkefni

	ÁÆTLUN 2012	RAUNT. 2012	ÁÆTLUN 2013	RAUNT. 2013	ÁÆTLUN 2014	RAUNT. 2014	ÁÆTLUN 2015	TEYMI	MÁLS- HRADI
Útgáfa ársskýrslu	1	1	1	1	1	1	1	Upplýsingateymi	-
Útgáfuaætlun	1	1	1	1	1	1	1	Upplýsingateymi	-
Útgáfa umhverfisskýrslu	1	1	1	1	1	1	1	Upplýsingateymi	-
Útgáfa ársáætlunar	1	1	1	1	1	1	1	Upplýsingateymi	-

Sértekjuáætlun



Helstu rekstrarliðir

Í fjárlögum fyrir árið 2015 er gert ráð fyrir að heildargjöld stofnunarinnar verði svipuð og í fjárlögum ársins 2014. Ennfremur er gert ráð fyrir að tekjur lækki um 26,9 m.kr. Engin ný verkefni eru í fjárlögum ársins 2015 en aukið er fjármagn til loftgæðamála um 13,5 m.kr. og til umhverfismarknaða 2 m.kr. Enn fremur er veitt fjármagn til landvörslu á Geysissvæðinu, 15 m.kr. Fjárveiting vegna innleiðingar vatnatilskipunar lækkar enn, nú úr 10 m.kr. í 4,5 m.kr. til viðbótar 75 m.kr. lækkun á síðasta ári. Fjárveiting vegna gistináttaskatts lækkar um 3,6 m.kr. og fjárveiting vegna framkvæmda í Snæfellsjökulspjóðgarði lækkar um 30 m.kr. Vegna ofantalinna verkefna og launa- og verðlagsbóta lækka gjaldaheimildir um 6 m.kr. og verða 1160,7 m.kr. Þar af er gert ráð fyrir að 348,9 m.kr. verði innheimtar í sértekjur og markaðar tekjur. Ríkissjóður mun því greiða 811,8 m.kr. til stofnunarinnar vegna ársins 2015. Ljóst er að enn sem fyrr þarf að gæta ítrasta aðhalds í rekstri.


Við gerð rekstraráætlunar voru sett upp sparnaðarmarkmið fyrir hvert svið stofnunarinnar og sviðsstjórum gert að skila tillögum í samræmi við þau. Markmiðin voru mismunandi milli sviða enda eðli rekstrarins mismunandi.

Áfram verður lögð áhersla á endurskoðun verkferla til að viðhalda gæða- og umhverfisstofnun stofnunarinnar. Markmiðið

er sem fyrr að stofnunin viðhafi nútímaleg vinnubrögð og gagnsæi í fjármálastjórnun. Eftirfylgni fjármála er þannig háttáð að mánaðarlega fara sviðsstjórar yfir stöðu útgjalda og tekna síns sviðs gagnvart rekstraráætlun með fjármálastjóra. Niðurstaða þessara funda og heildarstaða stofnunarinnar er síðan rædd á yfirstjórnarfundi. Áfram verður fylgst sérstaklega með þeim tekjum sem innheimta á en stofnunin gerir ráð fyrir að innheimta um 440 m.kr. á árinu sem sértekjur og ríkistekjur. Mismunur á tekjum samkvæmt rekstraráætlun og samkvæmt fjárlögum skýrist að mestu af framlögum úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða sem ólokið var á árinu 2014 og flytjast yfir á árið 2015.

Hér á eftir verður fyrst farið yfir helstu gjaldaliði hjá stofnuninni, síðan helstu tekjuliði eftir hvort um er að ræða markaðar tekjur, sértekjur eða ríkistekjur. Að lokum er gerð grein fyrir nokkrum sjóðum sem Umhverfisstofnun hefur umsjón með ásamt stærri verkefnum.

Gjaldaáætlun



Gjaldaliðir

Í rekstraráætlun er gert ráð fyrir að heildargjöld stofnunarinnar verði 1.316,9 m.kr. sem er nokkuð hærra en gert er ráð fyrir í fjárlögum 2014. Á móti kemur að óskað er eftir heimild til að nýta inneign á framkvæmdafé frá fyrra ári.

Tekjuliðir

SÉRTEKJUR

SÉRTEKJUR

Umhverfisstofnun gerir ráð fyrir 208,9 m.kr. í sértekjur á árinu 2015 sem er hækkun frá fyrra ári og skýrist mest af flutningi tekna úr Framkvæmdasjóði ferðamannaástaða af síðasta ári. Aðrar helstu sértekjur stofnunarinnar vegna norræna umhverfismerkisins (Svansins) og endurgreiðslur á ferðakostnaði vegna erlends samstarfs. Ennfremur eru tekjur af samningi um umsjón Vatnshellis í Snæfellsjökulspjóðgarði.

MARKAÐAR TEKJUR

Umhverfisstofnun gerir ráð fyrir að vera með um 196,5 m.kr. í markaðar tekjur á árinu 2015 og er þar aðallega um að ræða tekjur vegna sölu á veiðileyfum til hreindýraveiða og vegna innheimtu gjalds af veiðikortum. Meirihluta þessara tekna greiðir Umhverfisstofnun út til viðeigandi aðila.

AÐRAR REKSTRARTEKJUR

Gert er ráð fyrir að stofnunin innheimti um 34,7 m.kr. í aðrar rekstrartekjur á árinu. Um er að ræða tekjur vegna mengunareftirlits í fyrirtækjum sem stofnunin gefur út starfsleyfi fyrir.

Helstu liðir

í þúsundum króna

Spá 2014

Áætlun 2015

LAUNAKOSTNAÐUR	568,524	588,903
FUNDIR OG FERÐIR	51,639	55,768
REKSTUR	29,767	29,007
ÞJÓNUSTA	140,258	131,630
HÚSNÆÐI	226,291	274,374
BIFREIÐAR	7,924	9,834
SKATTAR, FJÁRMAGNSKOSTN.	728	359
EIGNAKAUP	9,784	21,105
TILFÆRSLUR*	196,181	205,900
REKSTRARKOSTNAÐUR ALLS	1,231,096	1,316,880
TEKJUR ALLS	424,003	440,068
MISMUNUR GJALDA OG TEKNA	807,093	876,812

* TILFÆRSLUR ERU AÐ MESTU ARÐGREIÐSLUR TIL BÆNDA VEGNA HREINDÝRAVEIÐA OG STYRKIR ÚR VEIÐIKORTASJÓÐI

Sjóðir í umsýslu stofnunarinnar og stærri verkefni

HREINDÝRASJÓÐUR

Árlega auglýsir Umhverfisstofnun um veiðikvóta hreindýra að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun sér um sölu veiðileyfa gegn gjaldi sem Umhverfisstofnun ákveður. Gjaldið rennur í sjóð sem notaður er til að standa undir kostnaði Umhverfisstofnunar og hreindýraráðs við eftirlit og stjórn hreindýraveiða og vöktunar Náttúrustofu Austurlands. Gert er ráð fyrir að tekjur sjóðsins verði um 149 m.kr. sem er mun hærra en á síðasta ári og skýrist af stærri veiðikvóta.

VEIÐIKORTASJÓÐUR

Allir þeir sem stunda veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum þurfa að afla sér veiðikorts í samræmi við lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum. Umhverfisstofnun annast útgáfu veiðikorta og tekur gjald fyrir. Gjaldið rennur í sjóð sem umhverfisstofnun úthlutar úr til rannsókna, vöktunar og stýringar á villtum dýrastofnum. Sjóðurinn stendur einnig undir kostnaði við útgáfu veiðikortanna. Gert er ráð fyrir að tekjur vegna veiðikorta á árinu 2015 verði um 45 m. kr.

SKOTVOPNA- OG VEIÐIKORTANÁMSKEIÐ

Stofnunin heldur skotvopna- og veiðikortanámskeið um allt land. Samanlögð velta námskeiðanna á árinu 2015 er áætluð 20,3 m.kr. Veiðikortanámskeiðið er sex tímar bóklegt nám og skotvopnanámskeiðið 10 tíma bóklegt nám og fjögurra tíma verkleg þjálfun á skotvelli.

ENDURGREIÐSLA TIL SVEITARFÉLAGA VEGNA MINKAVEIÐA

Árlega ákveður umhverfisstofnun viðmiðunartaxta launa refa- og minkaveiðimanna en sveitarfélög greiða veiðimönnum fyrir veiðarnar. Uppgjörstímabil vegna refa- og minkaveiða er frá 1. september ár hvert til 31. ágúst árið eftir. Sveitarfélög senda Umhverfisstofnun skýrslu um veiðarnar ásamt reikningsyfirliti eftir lok uppgjörstímabils. Umhverfisstofnun endurskoðar reikningana og endurgreiðir til sveitafélaganna miðað við

viðmiðunartaxta. Í fjárlögum ársins 2014 er gert ráð fyrir að þetta verði óbreytt varðandi minkaveiðar og er gert ráð fyrir 22 m. kr. í þann málaflokk en veitt er 31 m.kr. tímabundin fjárveiting til refaveiða. Forsenda endurgreiðslu ríkisins til sveitarfélags er að gerður verði samningur til þriggja ára í senn sem byggist á áætlun sveitarfélagsins um að lágmarka það tjón til lengri tíma sem refurinn er talinn valda á landsvæði viðkomandi sveitarfélags.



UMHVERFISSTOFNUN

Akureyri - Egilsstaðir - Hella - Ísafjörður - Mývatn
Patreksfjörður - Reykjavík - Snæfellsnes - Vestmannaeyjar